



Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnagötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 12. desember 2024
USK24050158

Hér með sendist útskrift úr fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs dags 11. desember 2024 varðandi eftirfarandi mál:

Nauthólsvík - Breyting á deiliskipulagi

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Nauthólsvíkur vegna breytingar á legu Borgarlínu og stoppistöðvar hennar sem færast út af deiliskipulagssvæðinu. Í breytingunni sem lögð er til felst breyting á legu Borgarlínu og stoppistöðvar hennar sem færast út af deiliskipulagssvæðinu. Borgarlína mun þvera Nauthólsveg og fara að stoppistöð við Háskólann í Reykjavík sem mun þjóna háskólasvæðinu og Nauthólsvík, samkvæmt uppdr. Landmótunar, dags. 21. maí 2024, br. 18. október 2024. Tillagan var auglýst frá 13. júní 2024 til og með 26 júlí 2024. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Landhelgisgæsla Íslands, dags. 26. júní 2024 og Isavia Innanlandsflugvellir, dags. 19. júlí 2024. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 31. október 2024.

Samþykkt með fimm atkvæðum fulltrúa Samfylkingar, Framsóknar, Pírata, Viðreisnar og Vinstri grænna. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins. sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.


Vísað til borgarráðs.

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir
Skrifstofa stjórnsýslu og gæða
Umhverfis- og skipulagssvið


Fylgiskjöl: uppdrættir Landmótunar, dags. 21. maí 2024, br. 18. október 2024. Innsendar athugasemdir og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31. október 2024.



Reykjavík



Gildandi deiliskipulag Nauthólsvíkur, hluti uppdráttar. Samþykkt 06.10.1998 m.s.br. Kvarði 1:1000



Breyting á deiliskipulagi Nauthólsvíkur, hluta uppdráttar. Maí 2024. Kvarði 1:1000

SKILMÁLAR FYRIR SVÆÐI:

- A Svæði innan flugvallar, ætlað til útivistar skv.deiliskipulagi
- B Almenn bílastæði, alls um 200 stæði
- C Svæði fyrir veitingarekstur, þjónustu eða aðra starfsemi
- D Leikvöllur með boltaaðstöðu
- E Svæði fyrir tjöld eða léttar byggingar sem standa tímabundið
- F Baðströnd, svæði ætlað til sólabaða, laugarsvæði, heitir pottar og laugar með sírennsli og svæða til leikja og íþróttar, möguleg uppsetning leiktækja, blakvallar ofl
- G Svæði til sjóbaða, heitt vatn notað til upphitunnar. Afmörkun frá Fossvoginum með flotgirðingu og grjótgardi
- H Aðstaða fyrir siglingar og seglbretti. Flotbryggjur fyrir siglingaklúbb og gestasíglara
- I Svæði fyrir veitingarekstur og þjónustu

SKILMÁLAR FYRIR BYGGINGAR

- a1 Byggingarreitur fyrir þjónustuhús, (baðhús og starfsmannaaðstaða).
 - Byggingin er ein hæð með einhalla þaki
 - Efnisnotkun, steyptrir veggir og steyptr þak
- a2 Byggingarreitur fyrir bátanaust
 - Núverandi bygging fjarlægð
 - Mænishæð að hámarki 6,5 m
 - Mænisstefna frjáls en þök hallandi
 - Stærð byggingar allt að 1500 m²
 - Byggingar verði umhverfis aflokað port
 - Byggingar falli að umhverfinu og aðliggjandi byggingu
 - Bílastæði samnýtt með almennum stæðum
- a3 Byggingarreitur fyrir biðskýli - fellt út 2007
- a4 Byggingarreitur fyrir veitingahús
 - Bygging verði á einni hæð
 - Mænishæð að hámarki 5 m
 - Stærð byggingar allt að 300 m²-600 m²
 - Allir meginhlutar timburpalla skulu vera innan byggingarreits
 - Ekki er leyfilegt að staðsetja auglýsingaskilti á lóðinni
 - Raska skal sem minnst umhverfi og aðlaga núverandi
 - Bílastæði eiga að vera samnýtt með almennum stæðum
- a5 Núverandi félagsheimili
 - Tveir bragar frá seinni heimstyrjöldinni á einni hæð
 - Ekki er gert ráð fyrir breytingum á stærð og útliti bygginganna
 - Ekki er leyfilegt að staðsetja auglýsingaskilti á lóðinni
 - Bílastæði samnýtt með almennum stæðum
- a6 Lóð dreifstöðvarinnar
 - Stærð lóðar er 16 m² og byggingarreitur 13 m².
 - Staðsetning dreifstöðvarinnar er frjáls innan
 - Dreifistöðin er 5 m² að stærð og er byggð úr forsteyptum einingum.
 - Heildarhæð er allt að 1.8 m.
- a7 Lóð fyrir veitingastað eða aðra starfsemi og þjónustu sem fellur að nýtingu útivistarsvæðis og starfsemi í Nauthólsvík.
 - Fyrir á lóðinni eru byggingar á einni hæð tilheyrandi „Transit Camp“ flutningsbúðunum, sem voru byggðar 1942-1944.
 - Byggingarreitur er skilgreindur umhverfis núv. hús og þau sem hafa verið rifin. Leyfileg er endurbýgging á núv. byggingum sem tekur mið af upprunalegri stærð og útliti. Mögulegt er að byggja ný hús sem taka mið af fyrirkomulagi, stærð og útliti húsa, sem hafa verið rifin. Stærð lóðar er 4586 m².
 - Afmarkaður er reitur innan byggingarreits á a7 fyrir hús Sportkafarafélagsins.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040


SKÝRINGAR

	Mörk skipulagssvæðis
	Mörk skipulagssvæðis fellt niður
	Svæðaafmörkun A-I
	Byggingarreitur
	Reitur innan a7 fyrir hús Sportkafarafélagsins
	Lóðarmörk
	Aðliggjandi deiliskipulagsmörk
	Hverfisverndarsvæði ST4. Nauthólsvík.
	Stærð byggingarreita (m ²)
	Fjöldi bílastæða
	Akstursaðkoma/vegir
	Svæði fyrir borgarlínu - leiðbeinandi lega
	Hjólastígar - leiðbeinandi staðsetning
	Göngu-/hjólastígar - leiðbeinandi staðsetning
	Upplýsingaskilti
	Hjólastæði - fjöldi
	Kvöð um lagnir
	Kvöð um aðkomu
	Kvöð - Öryggissvæði flugvallar
	Núv. bygging sem stendur áfram
	Núv. bygging fjarlægð
	Landfylling fyrir akbraut
	Landfylling - viðbótarland
	Skráðar forn-/herminjar
	Skráðar forn-/herminjar - horfnar
	15 m verndarsvæði forn-/herminja

TILLAGA AÐ BREYTINGU Á DEILISKIPULAGI

Gerð er tillaga að breytingu á deiliskipulagi Nauthólsvíkur vegna breytingar á legu Borgarlínu og stoppistöðvar hennar sem færast út af deiliskipulagssvæðinu. Borgarlína mun þvera Nauthólsveg og fara að stoppstöð við Háskólann í Reykjavík sem mun þjóna háskólasvæðinu og Nauthólsvík.

- Ný lega Borgarlínu fer lítilla út fyrir skilgreint svæði Borgarlínu í gildandi deiliskipulagi og er svæðið aðlagð legu Borgarlínu samkvæmt nýjustu hönnunargögnum. Lega hjóla- og göngustíga breytist til samræmis og landfylling stækkar sem nemur um 160 m².
- Lóðarmörk lóðar a7 og lóð a6 fyrir spennistöð hliðrast vegna legu Borgarlínu og lóð a6 stækkar til að gera ráð fyrir stækkun spennistöðvar. Lagnakvaðir eru syndar að reitnum.
- Afmarkaður er reitur innan lóðar og byggingarreits a7 fyrir hús Sportkafarafélagsins sem færast til innan deiliskipulagssvæðisins vegna legu Borgarlínu. Kvöð er um aðgengi að húsi Sportkafarafélagsins frá bílastæði. Hámarks fjöldi bílastæða á lóð a7 fer úr 20 í 30 stæði.
- Lega öryggisgirðingar flugvallar færast til og deiliskipulagsmörk sem liggja í girðingunni sömuleiðis. Skipulagssvæðið minnkar við þetta um 4812m². Þá er 3m þreytt öryggissvæði meðfram girðingunni fært inn á uppdrátt.



Skýringarmynd sem afmarkar breytingar sem gerðar eru. Kvarði 1:2000

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í _____ þann _____ 20__ og í _____ þann _____ 20__.

Tillagan var auglýst frá _____ 20__ með athugasemdafrestri til _____ 20__.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20__.

BR. 15.10.2024 Breytt eftir auglýsingu: lega girðingar aðlagð 1m-horni. KJS. BR. DAGS. BREYTING. TEKN.

BREYTING Á DEILISKIPULAGI VEGNA LEGU BORGARLÍNU

NAUTHÓLSVÍK DEILISKIPULAG

Mkv. 1:1000 A1 dags. 21.05.2024 Teikn: KUS

NAUTHÓLSVÍK Í REYKJAVÍK

Yngvi Þór Loftsson og Áslaug Traustadóttir, landslagsarkitektar FÍLA Hamraborg 12, 200 Kópavogi sími 575 5300



Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík 26. júní 2024
Tilvísun: 2406026/0.7.2

Efni: Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Nauthólsvíkur, mál 740/2024

Vísað er til auglýstrar tillögu að breytingu á deiliskipulagi Nauthólsvíkur sem lögð var fram til umsagnar í skipulagsgátt þann 13. júní 2024 (mál nr. 740/2024). Með auglýsingunni eru boðaðar breytingar á deiliskipulagi vegna breytinga á legu Borgarlínu og stoppistöðvar hennar sem færast út af deiliskipulagssvæðinu.

Meðal hlutverka Landhelgisgæslunnar er að sinna öryggisgæslu, leit og björgun og sinnir stofnunin fjölbreyttum verkefnum, meðal þeirra má nefna eftirlit á hafi, björgunarþjónustu, sjúkraflug og aðstoð við almannavarnir. Landhelgisgæslan starfrækir flugskýli á Reykjavíkurflogvelli að Nauthólsvegi 68 og 68b og gerir þaðan út þyrflur og flugvél, tækjakost sem er sérhannaður til eftirlits-, leitar-, björgunar- og sjúkraflugs.

Staðsetning lóðar og bygginga Landhelgisgæslunnar kemur ekki skýrt fram á teikningu með breytingatillögu en svo virðist sem breytingartillagan nái til aðkomu að flugskýlum Landhelgisgæslunnar á Reykjavíkurflogvelli.

Landhelgisgæslan bendir á mikilvægi þess að breytingin hafi ekki neikvæð áhrif á lóð, byggingar og aðkomu að byggingum þar sem flugstarfsemi Landhelgisgæslunnar er starfrækt að Nauthólsvegi 68 og 68b. Landhelgisgæslan sinnir í sífellt auknum mæli aðkallandi sjúkraflutningum á alvarlega veikum eða slösuð fólki og útköllum hjá áhöfnum loftfara landhelgisgæslunnar hefur fjölgað til muna síðustu ár, sérstaklega vegna bráðra veikinda og/eða mikið slasaðs fólks. Tryggja þarf sérstaklega greiðfært og haftalaust aðgengi að flugskýlum stofnunarinnar á Reykjavíkurflogvelli svo að skjót för áhafnameðlima á bakvakt í bráðaútköll sé tryggð.

Að því sögðu gerir Landhelgisgæslan ekki athugasemdir við breytingartillöguna með fyrirvara um að tillit sé tekið til starfsemi stofnunarinnar á svæðinu og að breytingin hafi ekki neikvæð áhrif á starfssvæði stofnunarinnar, þ.m.t. lóð, byggingar og aðkomuveg að Nauthólsvegi 68 og 68b.

Virðingarfyllt,


Sigríður Skafthadóttir
Lögfræðingur



Reykjavíkurborg
Puríður María Guðmundsdóttir

Reykjavíkurlugvelli 19. júlí 2024
INN24060021 /sva/SJ

Efni: Umsögn Nauthólsvík. Breyting á deiliskipulagi.

Isavia Innanlandsflugvellir vekja athygli á:

- Aðkoma að flugskýlum Landhelgisgæslu Íslands breytist. Nauðsynlegt er að mati Isavia að teikna byggingar að Nauthólsvégi 68 og 68b inn á deiliskipulagsuppdráttinn eða skýringaruppdrátt þannig að hægt sé að átta sig vel á breytingunni. Nauðsynlegt er að tryggja að breytingin hafi ekki neikvæð áhrif á starfsemi Isavia eða Landhelgisgæslunnar en þarna er einnig akstursleið öryggistækja Isavia Innanlandsflugvalla að sjóskýli flugvallarins þar sem björgunarbátar eru geymdir.
- Skipulagsreglur Reykjavíkurlugvallar gilda á svæðinu og eru rétt hærrí deiliskipulaginu og því er nauðsynlegt að breyta skipulagsreglum Reykjavíkurlugvallar áður en deiliskipulagsbreyting getur tekið gildi.
- Isavia Innanlandsflugvellir þurfa að fá heimild Samgöngustofu til færslu öryggisgirðingar flugvallarins og breytingum á stærð flugvallarins. Því þarf Isavia að fá upplýsingar um hnit/staðsetningu girðingar vegna tillögu að legu flugvallargirðingarinnar sem lagt er til að færa þannig að hægt sé að leggja málið fram gagnvart Samgöngustofu.

Virðingarfyllst
Sigrún Björk Jakobsdóttir

UMSÖGN

Varðar: Nauthólsvík, breyting á deiliskipulagi vegna breytingar á legu Borgarlínu og stoppistöðvar hennar sem færast út af skipulagssvæðinu.

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Nauthólsvíkur vegna breytingar á legu Borgarlínu og stoppistöðvar hennar sem færast út af deiliskipulagssvæðinu. Í breytingunni sem lögð er til felst breyting á legu Borgarlínu og stoppistöðvar hennar sem færast út af deiliskipulagssvæðinu. Borgarlína mun þvera Nauthólsveg og fara að stoppistöð við Háskólann í Reykjavík sem mun þjóna háskólasvæðinu og Nauthólsvík, samkvæmt uppdr. Landmótunar, dags. 21. maí 2024. Tillagan var auglýst frá 13. júní 2024 til og með 26 júlí 2024. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Landhelgisgæsla Íslands, dags. 26. júní 2024 og Isavia Innanlandsflugvellir, dags. 19. júlí 2024.

Tillagan var auglýst frá 13. júní 2024 til og með 26. júlí 2024.

Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðila:

Landhelgisgæsla Íslands, dags. 26. júní 2024.

Isavia Innanlandsflugvellir, dags. 19. júlí 2024.

SAMANTEKT:

Almennt ganga athugasemdir hagsmunaaðila út á:

- *Staðsetning lóðar og bygginga Landhelgisgæslunnar kemur ekki skýrt fram á teikningu með breytingartillögu.*
- *Tryggja þarf sérstaklega greiðfært og haftalaust aðgengi að flugskýlum stofnunarinnar á Reykjavíkurlflugvelli.*
- *Nauðsynlegt er að teikna byggingar að Nauthólsvegi 68 og 68b inn á deiliskipulagsuppdráttinn eða skýringaruppdrátt þannig að hægt sé að átta sig vel á breytingunni.*
- *Skipulagsreglur Reykjavíkurlflugvallar gilda á svæðinu og eru réttthærrí deiliskipulagi og því er nauðsynlegt að breyta skipulagsreglum Reykjavíkurlflugvallar áður en deiliskipulagsbreytingin getur tekið gildi.*

ALMENNT YFIRLIT BREYTINGA:

- Ný lega Borgarlínu fer lítillega út fyrir skilgreint svæði Borgarlínu í gildandi deiliskipulagi og er svæðið aðlagað legu Borgarlínu samkvæmt nýjustu hönnunargögnum. Lega hjóla- og göngustíga breytist til samræmis og landfylling stækkar sem nemur um 160 m².
- Lóðarmörk lóðar a7 og lóð a6 fyrir spennistöð hliðrast vegna legu Borgarlínu og lóð a6 stækkar til að gera ráð fyrir stækkun spennistöðvar. Lagnakvaðir eru sýndar á reitnum.
- Afmarkaður er reitur innan lóðar og byggingarreits a7 fyrir hús Sportkafarafélagsins sem færast til innan deiliskipulagssvæðisins vegna legu Borgarlínu. Kvöð er um aðgengi að húsi Sportkafarafélagsins frá bílastæði. Hámarksfjöldi bílastæða á lóð a7 fer úr 20 í 30 stæði.
- Lega öryggisgirðingar flugvallar færast til og deiliskipulagsmörk sem liggja í girðingunni sömuleiðis. Skipulagssvæðið minnkar við þetta um 5004 m². Þá er 3m betra breytt öryggissvæði meðfram girðingunni fært inn á uppdrátt.

Efnislegar athugasemdir sem bærast eru eftirfarandi:

Landhelgisgæsla Íslands

Efni: Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Nauthólsvíkur, mál 740/2024

Vísað er til auglýstrar tillögu að breytingu á deiliskipulagi Nauthólsvíkur sem lögð var fram til umsagnar í skipulagsgátt þann 13. júní 2024 (mál nr. 740/2024). Með auglýsingunni eru boðaðar breytingar á deiliskipulagi vegna breytinga á legu Borgarlínu og stoppistöðvar hennar sem færast út af deiliskipulagssvæðinu.

Meðal hlutverka Landhelgisgæslunnar er að sinna öryggisgæslu, leit og björgun og sinnir stofnunin fjölbreyttum verkefnum, meðal þeirra má nefna eftirlit á hafi, björgunarþjónustu, sjúkraflug og aðstoð við almannavarnir. Landhelgisgæslan starfrækir flugskýli á Reykjavíkurlugvelli að Nauthólsvegi 68 og 68b og gerir þaðan út þyrlur og flugvél, tækjakost sem er sérhannaður til eftirlits-, leitar-, björgunar- og sjúkraflugs.

Staðsetning lóðar og bygginga Landhelgisgæslunnar kemur ekki skýrt fram á teikningu með breytingatillögu en svo virðist sem breytingartillagan nái til aðkomu að flugskýlum Landhelgisgæslunnar á Reykjavíkurlugvelli.

Landhelgisgæslan bendir á mikilvægi þess að breytingin hafi ekki neikvæð áhrif á lóð, byggingar og aðkomu að byggingum þar sem flugstarfsemi Landhelgisgæslunnar er starfrækt að Nauthólsvegi 68 og 68b. Landhelgisgæslan sinnir í sífellt auknum mæli aðkallandi sjúkraflutningum á alvarlega veikum eða slösuð fólki og útköllum hjá áhöfnum loftfara landhelgisgæslunnar hefur fjölgað til muna síðustu ár, sérstaklega vegna bráðra veikinda og/eða mikið slasaðs fólks. Tryggja þarf sérstaklega greiðfært og haftalaust aðgengi að flugskýlum stofnunarinnar á Reykjavíkurlugvelli svo að skjót för áhafnameðlima á bakvakt í bráðaútköll sé tryggð.

Að því sögðu gerir Landhelgisgæslan ekki athugasemdir við breytingartillöguna með fyrirvara um að tillit sé tekið til starfsemi stofnunarinnar á svæðinu og að breytingin hafi ekki neikvæð áhrif á starfssvæði stofnunarinnar, þ.m.t. lóð, byggingar og aðkomuveg að Nauthólsvegi 68 og 68b.

Athugasemd Landhelgisgæslunnar: Staðsetning lóðar og bygginga

Landhelgisgæslunnar kemur ekki skýrt fram á teikningu með breytingartillögu en svo virðist sem breytingartillagan nái til aðkomu að flugskýlum Landhelgisgæslunnar á Reykjavíkurlugvelli.

Svar skipulagsfulltrúa: Ekki er þörf á því að bregðast við þessari athugasemd. Samkvæmt skipulagstillögu hliðrast aðkoman að lóð Landhelgisgæslunnar um ca. 20 metra til norðurs. Þar sem einungis er um að ræða breytta aðkomu lóðar sem hefur ekki áhrif á staðsetningu bygginga innan aðliggjandi deiliskipulagsáætlunar, er ekki þörf á því að tilgreina sérstaklega staðsetningu og afmörkun hluta bygginga á lóðinni. Jafnframt er mikilvægt að breytingar í deiliskipulagstillögunni séu afmarkaðar skýrt og rökrétt. Ef byggingar í aðliggjandi deiliskipulagsuppdraetti eru sýndar og afmarkaðar í heild sinni er þörf á því stækka mælikvarða breytingar sem kemur niður á skýrleika þessarar tilteknu breytingar.

Ábending Landhelgisgæslunnar: Landhelgisgæslan bendir á mikilvægi þess að breytingin hafi ekki neikvæð áhrif á lóð, byggingar og aðkomu að byggingum þar sem flugstarfsemi Landhelgisgæslunnar er starfrækt að Nauthólsvegi 68 og 68b.

Svar skipulagsfulltrúa: Breytingin mun ekki hafa neikvæð áhrif á lóð, byggingar eða aðkomu að því er viðkemur starfsemi Landhelgisgæslunnar. Þvert á móti mun, með breyttri legu Borgarlínu, ekki koma til þess að Borgarlínan þveri aðkomuveg að lóð Landhelgisgæslunnar.

Þess ber jafnframt að geta að lega girðingar við aðkomu að lóð Landhelgisgæslunnar hefur verið aðlöguð skipulagsmörkum í nv-horni deiliskipulagsáætlunarinnar.

Ábending Landhelgisgæslunnar: Tryggja þarf sérstaklega greiðfært og haftalaust aðgengi að flugskýlum stofnunarinnar á Reykjavíkflugvelli svo að skjót för áhafnameðlima á bakvakt í bráðaútköll sé tryggð.

Svar skipulagsfulltrúa: Deiliskipulagsbreytingin mun ekki hafa neikvæð áhrif á greiðfærni og aðgengi að flugskýlum Landhelgisgæslunnar. Þvert á móti má áætla að aðgengi að flugskýlum Landhelgisgæslunnar verði greiðfærara þar sem Borgarlínan mun ekki þvera aðkomuveg að lóðinni.

Isavia Innanlandsflugvellir

1. Aðkoma að flugskýlum Landhelgisgæslu Íslands breytist. Nauðsynlegt er að mati Isavia að teikna byggingar að Nauthólsvegi 68 og 68b inn á deiliskipulagsuppdrauttinn eða skýringaruppdrautt þannig að hægt sé að átta sig vel á breytingunni. Nauðsynlegt er að tryggja að breytingin hafi ekki neikvæð áhrif á starfsemi Isavia eða Landhelgisgæslunnar en þarna er einnig akstursleið öryggistækja Isavia Innanlandsflugvalla að sjóskýli flugvallarins þar sem björgunarbátar eru geymdir.
2. Skipulagsreglur Reykjavíkflugvallar gilda á svæðinu og eru réttþærri deiliskipulaginu og því er nauðsynlegt að breyta skipulagsreglum Reykjavíkflugvallar áður en deiliskipulagsbreyting getur tekið gildi.
3. Isavia Innanlandsflugvellir þurfa að fá heimild Samgöngustofu til færslu öryggisgirðingar flugvallarins og breytingum á stærð flugvallarins. Því þarf Isavia að fá upplýsingar um hnit/staðsetningu girðingar vegna tillögu að legu flugvallargirðingarinnar sem lagt er til að færa þannig að hægt sé að leggja málið fram gagnvart Samgöngustofu.

Athugasemd Isavia: Nauðsynlegt er að teikna byggingar að Nauthólsvegi 68 og 68b inn á deiliskipulagsuppráttinn eða skýringarupprátt þannig að hægt sé að átta sig vel á breytingunni.

Svar skipulagsfulltrúa: Ekki er þörf á því að bregðast við þessari athugasemd. Vel er hægt að átta sig á breytingunni þó svo að hluti bygginga að Nauthólsvegi 68 og 68b, sem tilheyrir aðliggjandi deiliskipulagsáætlun, séu ekki sýndar á upprætti. Til glöggvunar er þó sýnd og afmörkuð lega þjónustuvegar flugbrauta Reykjavíkurflugvallar. Sýnt þótti að betur færi á að afmarka með góðum hætti þær skráðu og horfðu minjar sem eru á svæðinu.

Athugasemd Isavia: Nauðsynlegt er að tryggja að breytingin hafi ekki neikvæð áhrif á starfsemi Isavia eða Landhelgisgæslunnar en þarna er einnig akstursleið öryggistækja Isavia Innanlandsflugvalla að sjóskýli flugvallarins þar sem björgunarbátar eru geymdir.

Svar skipulagsfulltrúa: Deiliskipulagsbreytingin mun ekki hafa neikvæð áhrif á starfsemi né akstursleiðir Isavia og Landhelgisgæslunnar. Breytingin stuðlar að bættu kerfi almenningssamgangna á svæðinu og bættu aðgengi að lóðum.

Athugasemd Isavia: Skipulagsreglur Reykjavíkurflugvallar gilda á svæðinu og eru réttthærr deiliskipulagi og því er nauðsynlegt að breyta skipulagsreglum Reykjavíkurflugvallar áður en deiliskipulagsbreytingin getur tekið gildi.

Svar skipulagsfulltrúa: Núgildandi skipulagsreglur Reykjavíkurflugvallar voru settar í tíð eldri laga um loftferðir og gilda ekki út fyrir flugvallarsvæðið. Þessi breyting sem hér um ræðir fer ekki inn á það svæði sem núgildandi skipulagsreglur flugvallarins taka til (svæðið stækkar til suðausturs og minnkar skipulagssvæði Nauthólsvíkur sem því nemur) svo þessi breyting felur ekki í sér neinar breytingar á þeim reglum. Það er því ekki þörf á að bíða eftir uppfærslu skipulagsreglna flugvallarins auk þess sem lög um loftferðir gera ráð fyrir því að þegar nýjar skipulagsreglur hafi verið settar hafi sveitarfélagið 4 ár til að samræma sínar áætlanir, reynist þörf á því.

Athugasemd Isavia: Isavia Innanlandsflugvellir þurfa að fá heimild Samgöngustofu til færslu öryggisgirðingar flugvallarins og breytingum á stærð flugvallarins. Því þarf Isavia að fá upplýsingar um hnit/staðsetningu girðingar vegna tillögu að legu flugvallargirðingarinnar sem lagt er til að færa þannig að hægt sé að leggja málið fram gagnvart Samgöngustofu.

Svar skipulagsfulltrúa: Brugðist hefur verið við þessari athugasemd og hafa upplýsingar um hnit/staðsetningu flugvallargirðingarinnar verið komið á framfæri til Isavia.

Niðurstaða:

Lagt er til að uppfærð tillaga að breytingu á deiliskipulagi Nauthólsvíkur verði samþykkt.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur,

Þórður Már Sigfússon, skipulagsfræðingur SFFÍ og verkefnastjóri.